

Nd.

188. Nefndarálit

um frv. til laga um rjett til fiskiveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta á nokkrum fundum sínum og borið það saman við gildandi lög þessa efnis. Að athuguðu máli leyfir nefndin sjer óskift að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 9. gr.

Fyrir orðin »sem veita skal fyrir 2 ára komi:
sem veita má fyrir 2 ar.

2. Við 10. gr.

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Þegar æfli er jafnframt verkaður í skipi, sem rjett hefir til fiski-
veiða í landhelgi, skal það fyrirfram setja lögreglustjóra trygging
. . . o. s. frv.

3. Við 13. gr.

a. Fyrri liður 2. málsgreinar orðist svo:

Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslensku fiskiskipi en lög
þessi heimila, varðar það 50—1000 kr. sektum.

b. Í upphafi 4. málsg. komi á eftir orðunum »Ólöglegar fiski-
veiðar í landhelgi«:

aðrar en botnvörpuveiðar.

4. Við 14. gr.

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1922 . . . o. s. frv.

Alþingi, 3. apríl 1922.

M. J. Kristjánsson,
formaður.

Ó. Proppé,
ritari.

Einar Þorgilsson,
framsögumaður.

Magnús Jónsson.

Jón Baldvinsson.